



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

Stjórnun og markaðsfræði
VIÐS2SM05
Kennsluáætlun haustönn 2019

Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun og markaðsfræði. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og efla skilning nemenda á gildi markaðsstarfs. Kynnt er fyrir nemendum helstu atriði í markaðsrannsóknum, gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið.

Markmið

Að nemandinn:

- þekki þróun stjórnunar sem fræðigreinar, tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- þekki helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- átti sig á þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- öðlist grunnþekkingu í mannauðsstjórnun
- þekki helstu samkeppnisform og mikilvægustu atriði samkeppnisgreiningar
- geti beitt algengustu hugtökum í stjórnun og markaðsfræði
- þekki mikilvægi markaðsrannsókna
- þekki siðferðileg álitamál er varða markaðsrannsóknir
- geti tjáð skoðanir sínar á grunnatriðum í stjórnun og markaðsfræðum
- geti notað grunnþekkingu sína til að auka þekkingu sína í stjórnun og markaðsfræðum

Kennsluefni: Inngangur að stjórnun. Höf: Sigmar Þormar og Sigur í samkeppni. Höf: Bogi Þór Siguroddsson. Einnig munu nemendur fá efni hjá kennara.

Námsmat: Stórt verkefni 40%, próf 20%, önnur verkefni 40%, ekkert lokapróf!

Próf: Á önninni verða 2 próf sem **allir** verða að taka.

Verkefni: Nemendur mega sleppa einu litlu verkefni á önninni en kennari tekur ekki á mótí verkefnum eftir að skilafresti líkur nema með sérstökum undanþágum.

Með fyrirvara um breytingar. Ingunn Helgadóttir.